

99. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður krafizt af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

9

11. jan.

100. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Akureyri, 15. júní 1920, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bág við samþykkt þessa.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. febrúar 1934.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir barnaheimilið „Sólheimar“ í 10
Hverakoti í Grímsnesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála- 12. jan.
ráðherra 12. janúar 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

Við undirrituð, ég Guðmundur Einarsson sóknarprestur f. h. barnaheimilisnefndar þjóðkirkjunnar á Íslandi og ég Sesselja H. Sigmundsdóttir, forstöðukona barnaheimilisins „Sólheimar“ í Hverakoti, gerum svofellda skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi:

1. gr.

Barnaheimilið er *sjálfseignarstofnun*. Eignir stofnunarinnar eru jörðin Hverakot ásamt húsum öllum og mannvirkjum, búpeningi, innanstokksmunum, annari búslóð, bókum og öðru því, er stofnun þessari tilheyrir. En á eignum hvíla þær skuldir, sem stofnað hefir verið til vegna heimilisins.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er sá og skal jafnan vera að veita börnum og unglingum sem bezt uppeldi, bæði andlegt og líkamlegt. Skulu þau börn að öðru jöfnu ganga fyrir, sem veikluð eru og vanrækt. Einnig er stofnuninni heimilt að taka fávita til umönnunar.

10

12. jan.

3. gr.

Lausafé stofnunarinnar má ekki selja né láta af hendi nema andvirðinu sé varið til eflingar henni og samþykki barnaheimilisnefndar komi til. Eigi má heldur binda eignir hennar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi séu tilgangi stofnunarinnar.

4. gr.

Meðan Sesselja H. Sigmundsdóttir heldur heilsu og kröftum hefir hún á hendi alla stjórn stofnunarinnar bæði inn á við og út á við með takmörkunum þeim, er segir í 3. og 5. gr.

5. gr.

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar, eða önnur nefnd í hennar stað kosin á prestastefnu af prestum landsins, hefir rétt til að ráða því hvernig því fé skuli varið, er hún leggur til stofnunarinnar eða útvegur henni fyrir milli-göngu sína. Þess vegna má ekki heldur veðsetja jörð og hús fyrir nýjum lán-um til eflingar stofnuninni nema samþykki nefndarinnar komi til.

6. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar gerir árlega reikning yfir rekstur hennar og efnahag og leggur hann ásamt fylgiskjölum fyrir barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar til athugunar og úrskurðar. Reikningar stofnunarinnar skulu birtir ár hvert.

7. gr.

Sesselja H. Sigmundsdóttir hefir rétt til að ráða vali eftirmanns síns, er hún lætur af stjórn stofnunarinnar, en barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar eða önnur nefnd í hennar stað (sbr. 5. gr.) fær honum skipunarbréf og erindisbréf. Síðan ræður stjórnarnefnd stofnunarinnar (sbr. 8. gr.) jafnan forstöðumannsvali, en að öðru jöfnu skulu þeir ganga fyrir til þeirrar stöðu, sem alizt hafa upp á stofnuninni og því næst þeir, sem komnir eru af foreldrum Sesselju, þeim Sigmundi Sveinssyni og Kristínu Símonardóttur.

8. gr.

Þegar Sesselja H. Sigmundsdóttir lætur af forstöðu stofnunarinnar, tekur barnaheimilisnefndin stjórn stofnunarinnar í sínar hendur og kýs eða lætur kjósa þriggja manna stjórn fyrir stofnunina þannig: Sjálf kýs nefndin — eða prestastefna Íslands, ef engin slík nefnd er til — tvo menn í stjórnina og einn til vara, en fær barnaverndarráð Íslands til að kjósa einn mann og einn varamann, og skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn, en endurkjósa má þá, ef þeir vilja taka starfið að sér. Stjórn þessi hefir öll yfirráð yfir stofnuninni, að því leyti, sem hún kýs ekki að fela þau forstöðumanni stofnunarinnar. Stjórnin setur starfsreglur fyrir stofnunina í samráði við forstöðumann hennar. Skulu þær eftir því, sem við á, vera sniðnar eftir reglum þeim, sem Sesselja Sigmundsdóttir kann að hafa sett heimilinu eftir sinn dag.

9. gr.

Stofnunin og jörðin, sem heimilið stendur á, skal framvegis heita „Sólheimar“, þegar fengin er til þess heimild hjá Stjórnarráði Íslands.

10

12. jan.

10. gr.

Verði stofnunin lögð niður, skulu skuldlausar eignir hennar renna til uppeldis barna og unglinga, á þann hátt, er þáverandi stjórn hennar þykir bezt við eiga.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt, að Sesselja Sigmundsdóttir og meiri hluti barnaheimilisnefndarinnar verði ásátt um það. En eftir það, er Sesselja hefir látið af forstöðu, þá þarf til breytinga afl atkvæða stjórnarnefndar stofnunarinnar og samþykki prestastefnu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

St. í Reykjavík, 2. nóvember 1933.

Sesselja H. Sigmundsdóttir.

Guðm. Einarsson.

Vitundarvottar:

Sigm. Sveinsson.

Sveinbjörn Jónsson.

REGLUGERÐ

um leiðsögu skipa.

11

12. jan.

1. gr.

Öllum leiðsögumálum stjórnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

2. gr.

Í landinu verða fyrst um sinn 17 leiðsöguumdæmi, þar sem löggiltir leiðsögumenn starfa samkvæmt reglum þeim, er settar eru í þessari reglugerð, en auk þess eru 4 hafnsöguumdæmi, Reykjavík, Ísafjörður, Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður, og starfa hafnsögumenn þar samkvæmt gildandi reglum á hverjum stað.

Leiðsöguumdæmi eru þessi:

1. *Faxaflói* innan línu milli Garðskaga og Malarrífs, að undanskilinni Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjarðarhöfn.
2. Ytri hluti *Breiðafjarðar*: Sandur, Ólafsvík og Grundarfjörður.